



Innkomið skjal

Tegund skjals: Tölvupóstur

Efnisflokkur: Almennt

Dagsetning: 19.07.2012

Búið til: 20.07.2012

Staða: Lokið

Afgreiðist fyrir:

Málsnúmer: IDN12020066
Bréfalyklar: 2.2.1 Verkefnisnefndir og starfshópar - Orkumál
Netfang: Brynjólfur Snorrason
<bsnorra@orkulausnir.is>
Tilkynningar:
Erla Sigríður Gestsdóttir/IDN/NotesSTJR

Bréfalyklar

Bréfalyklar: 2.2.1 Verkefnisnefndir og starfshópar - Orkumál

Frá: Brynjólfur Snorrason <bsnorra@orkulausnir.is>

Dags: 19.07.2012 17:59:12

Til: <postur@idn.stjr.is>

Efni: Til nefndar sem alþingi skipaði til að skoða þá möguleika að leggja rafstrengi í jörð eða nota raflinur

Það hafði farið framhjá mér að þið væruð með þetta í gangi og að það mætti koma með tillögur eða athugasemdir.

Ég hef stundað athuganir og rannsóknir á þessu í 35 ár og fengið til dæmis fyrsta tíðisgreinin til að mæla rafmagn eða THD gildi til landsins og gert beinar rannsóknir og einnig gert breytingar á húsum og komið fyrir jarðskautum á stórum byggingum hér á landi eins og Marel, Grand hótél, Kringlunn, KB banka og mörgum öðrum byggingum. Ég hannaði og lagði upp 5+1 kerfið ásamt samstarfsmönnum mínum í Urriðaholti eða það sem kallað er fimm víra kerfið sem er að verða mjög vinsælt hér á landi en það var bárátta á að koma því í gegn en þar setjum við öflug jarðskaut bæði fyrir byggingar og spennistöðvar og það er komið jarðakaut í stærri byggingar þar eins og IKEA, Náttúrufræðihúsið og Kaupún. Ég á mikið af gögnum af rannsóknum hér á landi til dæmis af legu háspennustrenga nálægt byggingum eða á frágangi háspennulína og dreifilína. Og hversu betra umhverfi verður til ef við hugsum hlutina öðruvísi en við gerum í dag. Það er mjög jákvætt að Mannvirkjastofnun undir stjórn Björns Karlssonar séu komin með þessi mál undir sinn vermdarvæng. Það sem að gerir hlutina erfiða er að við erum með lög og reglur sem stangast svolítið á hvert við annað til dæmis með mælingar og úrvinnslu THD gilda og mælingar og eftirlit í spennustöðvum og götukössum. Það vilja fæstir vita af þessa inn í kerfinu og segja eins og í laginu: ekki benda á mig ég var að æfa lögreglukórinn. Það eru til fullt af góðum reglum og aðferðafræði í kerfinu okkar sem hægt er að sameina og betrubæta til að við komum

grænu rafmagni til allra sem vilja fá það svo við getum staðið undir því að rafmagnið okkar sé grænt. Það er víða pottur brotinn sem hægt er að laga og gerði Drífa Hjartardóttir ásamt fleiri þingmönnum heiðarlega tilraun til að koma þessu í lag. Til þeirra sem mest er leitað til álitsgjafar eru þeir sem ekki hafa hagsmuni á að þessir hlutir komast í lag. Það er tími til komin að við skoðum þetta í fullri einlægni og leggjum okkur fram við að taka til í þessum þáttum og sínum í verki að við séum fremstir í heiminum á þessum sviðum. Ég tel að ég hafi bæði þekkingu og vitneskju ásamt tækjabúnaði til að verða ykkur að liði.

Virðingarfyllst

Brynjólfur Snorrason

bsnorra@orkulausnir.is

S:866-4987

S:463-3307